

Fimmtudaginn 5. febrúar 1998.

Nr. 208/1997.

**Kærunefnd jafnréttismála fyrir hönd
Sigurðar Torfa Guðmundssonar**

(Gestur Jónsson hrl.,
Lára V. Júlíusdóttir hdl.)
gegn

íslenska ríkinu

(Einar Karl Hallvarðsson hrl.,
Skúli Bjarnason hdl.)

Stjórnarskrá. Jafnrétti. Fæðingarorlof. Ríkisstarfsmenn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 14. maí 1997. Krefst hann þess, að viðurkennt verði, að synjun stefnda á að veita Sigurði Torfa Guðmundssyni launað fæðingarorlof frá 1. september til 1. október 1995 hafi verið ólögmat. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar sér til handa fyrir Hæstarétti.

I.

Svo sem fram kemur í héraðsdómi, sótti Sigurður Torfi Guðmundsson, sem er ríkisstarfsmaður, 6. júlí 1995 um að fá launað fæðingarorlof, sem hann hugðist taka frá 1. september til 1. október 1995 vegna barns síns, sem fæddist 21. apríl það ár. Eiginkona Sigurðar er einnig ríkisstarfsmaður, og sagði í bréfi hans, sem lagt hefur verið fram í Hæstarétti í ljósriti, að hún myndi afsala sér rétti til launaðs fæðingarorlofs í einn mánuð. Þykja ekki efni til annars en byggja á því í málinu, að samkomulag hafi verið milli þeirra um þetta, enda var það ekki vefengt við meðferð málsins í héraði. Með bréfi fjármálaráðuneytisins 10. júlí 1995 var beiðni Sigurðar hafnað með vísan til 17. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og reglugerðar nr. 410/1989 um barnsburðarleyfi starfsmanna ríkisins. Í kjölfar þessa kærði Sigurður synjun þessa til

áfrýjanda, sem komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu 29. september 1995, að hún bryti gegn 4. gr. laga nr. 28/1991 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, sbr. 3. gr. sömu laga. Var þeim tilmælum beint til fjármálaráðuneytisins með vísan til 20. gr. laga nr. 28/1991, að gerðar yrðu nauðsynlegar ráðstafanir, til að viðurkenndur yrði og tryggður réttur feðra í þjónustu ríkisins til launa í fæðingarorlofi.

Sigurður Torfi Guðmundsson ítrekaði umsókn sína um laun í fæðingarorlofi með bréfi til fjármálaráðherra 14. nóvember 1995. Í svarbréfi ráðherra 4. desember sama ár var vísað til þess, að hann hefði tilnefnt fulltrúa sinn í nefnd, sem heilbrigðisráðherra hefði skipað til að endurskoða frumvarp til laga um fæðingarorlof frá 1990, þar sem meðal annars væri gert ráð fyrir, að réttur til fæðingarorlofs næði jafnt til karla og kvenna. Jafnframt sagði, að stefnt væri að því, að frumvarp þetta kæmi fram á Alþingi að loknu jólahléi. Væri því talið, að þær ráðstafanir hefðu verið gerðar, sem eðlilegar væru, til að verða við tilmælum áfrýjanda.

II.

Óumdeilt er í málinu, að eiginkona Sigurðar Torfa Guðmundssonar fékk greidd laun í fullu sex mánaða fæðingarorlofi, og sé því tæmdur réttur hjónanna til slíkra launa. Með hliðsjón af þessu var kröfu áfrýjanda breytt undir rekstri málsins fyrir héraðsdómi í það horf, sem er hér fyrir rétti og áður er rakið.

Málsókn áfrýjanda er studd 21. gr. laga nr. 28/1991. Þótt Sigurður Torfi Guðmundsson geri ekki lengur kröfu um greiðslu launa í fæðingarorlofi og þrátt fyrir það að ný lög nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins hafi tekið gildi 1. júlí 1996 með nokkrum breytingum um þau atriði, sem hér er um fjallað, þykir áfrýjandi í samráði við Sigurð Torfa eiga lögvarinn rétt á að fá úr því skorið, hvort synjun stefnda hafi verið að lögum, svo sem hann krefst í málinu.

III.

Synjun stefnda á greiðslu launa í fæðingarorlofi Sigurðar Torfa Guðmundssonar byggðist á því, að 17. gr. laga nr. 38/1954 og reglugerð nr. 410/1989, sem sett var samkvæmt því ákvæði, takmörkuðu launagreiðslur í fjarvistum vegna barnsburðar við konur.

Áfrýjandi reisir kröfur sínar í fyrsta lagi á því, að þessi ákvörðun

stríði gegn ákvæðum laga nr. 28/1991. Sigurður sé ríkisstarfsmaður og eigi að njóta sama réttar og konu er tryggður með 17. gr. laga nr. 38/1954, enda fái karlmenn á almennum vinnumarkaði notið fæðingardagpeninga í fæðingarorlofi að fullnægðum skilyrðum 16. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar. Karlar í ríkisþjónustu njóti ekki slíkra greiðslna samkvæmt úrskurðum tryggingaráðs, og þeir hafi hlotið að sækja þennan rétt á grundvelli laga nr. 38/1954 eins og konur. Áfrýjandi telur ákvörðun stefnda einnig brjóta gegn ákvæðum laga nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið, barnalaga nr. 20/1992, laga um mannréttindasáttmála Evrópu nr. 62/1994 og stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944.

IV.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 57/1987 um fæðingarorlof eiga foreldrar rétt á sex mánaða fæðingarorlofi, og geta þau skipt því með sér, þannig, að sameiginlegt orlof þeirra verði aldrei lengra en það. Samkvæmt 8. gr. laganna skerða ákvæði þeirra ekki þann heildarétt, sem verkalýðsfélög kunna að hafa samið um. Í 9. gr. laganna segir, að um greiðslur í fæðingarorlofi fari eftir ákvæðum laga um almannatryggingar. Eru nú ákvæði um þessar greiðslur í 15. og 16. gr. laga nr. 117/1993. Segir þar, að réttur til greiðslnanna nái ekki til þeirra, sem eigi rétt til óskertra launa í fæðingarorlofi samkvæmt kjarasamningum. Eins og áður er fram komið, byggir áfrýjandi á því, að um rétt Sigurðar Torfa Guðmundssonar eigi að fara á sama veg og fyrir var mælt um í 17. gr. laga nr. 38/1954 og reglugerð nr. 410/1989. Eru ákvæði almannatryggingalaganna um þessi efni því ekki til umfjöllunar í máli þessu.

V.

Í 65. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 3. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995, er kveðið á um jafnan rétt borgaranna, meðal annars án tillits til kynferðis. Í 2. mgr. segir, að konur og karlar skuli njóta jafns réttar í hvívetna.

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 28/1991 skulu konum og körlum greidd jöfn laun og þau njóta sömu kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. Þar er kveðið á um, að með launum sé átt við venjulegt

grunn- eða lágmarkskaup og hvers konar frekari þóknun, beina eða óbeina, hvort heldur sé með hlunnindagreiðslum eða öðrum hætti, og sagt, að með kjörum sé átt við lífeyris-, orlofs- og veikindarétt og hvers konar önnur samningsréttindi.

Í 3. gr. laganna segir, að hvers konar mismunun eftir kynferði sé óheimil. Í lokamálslið hennar segir, að það teljist ekki mismunun að taka sérstakt tillit til kvenna vegna þungunar eða barnsburðar.

Sigurður Torfi Guðmundsson sótti um laun í fæðingarorlofi í einn mánuð, þegar barn hans var orðið rúmlega fjögurra mánaða gamalt. Óumdeilt er, að umsókninni var hafnað á grundvelli þess, að lög stæðu aðeins til þess, að konum væru greidd slík laun. Ótvírætt verður að telja, að greiðslur þær, sem hér er um rætt, falli undir skilgreiningu 4. gr. laga nr. 28/1991. Áður eru rakin ákvæði laga nr. 57/1987, sem tryggja rétt foreldra til fæðingarorlofs. Af lögskýringargögnum verður ráðið, að tilgangur löggjafans með fæðingarorlofi sé sá annars vegar, að konur fái tækifæri til að ná sér eftir barnsburð, og hins vegar, að foreldrar fái báðir tækifæri til að annast barn sitt fyrstu mánuði ævi þess. Þegar litið er til allra framangreindra atriða, verður að telja, að ekki hafi verið rétt að beita ákvæðum 17. gr. laga nr. 38/1954 og reglugerðar nr. 410/1989 gagnvart Sigurði Torfa Guðmundssyni með þeim hætti, sem gert var. Synjun stefnda á greiðslu launa til Sigurðar í fæðingarorlofi hans 1. september til 1. október 1995 samrýmdist ekki 2. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinnar og 3. og 4. gr. laga nr. 28/1991. Verður ekki litið svo á, að lokamálsliður 3. gr. síðargreindu laganna standi niðurstöðu þessari í vegi, þar sem svo langt var liðið frá fæðingu barnsins. Er því fallist á kröfu áfrýjanda í málinu.

Rétt þykir, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Synjun stefnda, íslenska ríkisins, á greiðslu launa til Sigurðar Torfa Guðmundssonar í fæðingarorlofi hans 1. september til 1. október 1995 var ólögmat.

Stefndi greiði áfrýjanda, kærunefnd jafnréttismála, samtals 400.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 11. apríl 1997.

Mál þetta var höfðað með stefnu, áritaðri um birtingu 12. september 1996. Það var dómtekið að loknum munnlegum málf lutningi, sem fram fór 7. apríl sl.

Stefnandi málsins er kærufnd jafnréttismála, kt. 660691-2009, Laugavegi 12, Reykjavík, f. h. Sigurðar Torfa Guðmundssonar, kt. 160167-4599, Keldum við Vesturlandsveg í Reykjavík, en stefndi er ríkissjóður Íslands.

Dómkröfur.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að viðurkennt verði, að synjun stefnda við að veita Sigurði Torfa Guðmundssyni launað fæðingarorlof frá 1. september til 1. október 1995 hafi verið ólögmet og að stefnda verði gert að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt gjaldskrá Lögmanns Mörkinni 1 sf. að viðbættum lögmetum virðisaukaskatti á tildæmda lögmannsþóknun.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og gerir kröfu til málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Sjónarmið og lagarök stefnanda.

Málavextir eru að sögn stefnanda þessir: Hinn 21. apríl 1995 eignuðust hjónin Helga Salbjörg Guðmundsdóttir og Sigurður Torfi Guðmundsson barn. Sigurður Torfi gegndi starfi bústjóra að Keldum. Með bréfi, dags. 6. júlí s. á., sótti hann um að fá að taka launað fæðingarorlof á tímabilinu frá 1. september til 1. október s. á. Beiðni hans var hafnað með bréfi starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins, dags. 10. júlí s. á. Þar segir m. a.: „Um rétt ríkisstarfsmanna til greiðslna í fæðingarorlofi gildir nú 17. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sbr. reglugerð nr. 410/1989 um barnsburðarleyfi starfsmanna ríkisins. Þessar réttarheimildir takmarka launagreiðslur í fjarvistum vegna barnsburðar við konur. Erindis yðar er því synjað.“

Sigurður Torfi sætti sig ekki við þessa úrlausn og sendi málið stefnanda, kærufnd jafnréttismála, með kæru, dags. 19. sama mánaðar. Óskaði stefnandi eftir afstöðu fjármálaráðuneytisins til málsins með bréfi, dags. 24. sama mánaðar. Fyrri afstaða starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins var ítrekuð í bréfi, dags. 27. júlí.

Stefnandi ályktaði í málinu 29. september 1995 og komst að þeirri niðurstöðu, að synjun fjármálaráðuneytisins við umsókn Sigurðar Torfa væri brot gegn 4. gr. laga nr. 28/1991 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, sbr. 3. gr. sömu laga. Á grundvelli þessarar niðurstöðu ítrekaði Sigurður

Torfi fyrri umsókn sína með bréfi, dags. 14. nóvember s. á. Í svarbréfi fjármálaráðherra, dags. 4. desember 1995, kom fram, að stefnt væri að því að tryggja rétt feðra í þjónustu ríkisins til greiðslna í fæðingarorlofi. Nefnd hefði verið sett á laggirnar til að endurskoða frumvarp til laga um fæðingarorlof, sem samið hafði verið árið 1990, en í því frumvarpi m. a. gert ráð fyrir, að réttur til fæðingarorlofs næði jafnt til karla og kvenna. Að öðru leyti vísaði ráðherra til fyrra svars fjármálaráðuneytisins frá 10. júlí 1995.

Stefnandi kveður nauðsyn liggja til þess að fá dóm um kröfu sína á hendur stefnda, þar sem fullreynt þyki, að stefndi muni ekki fallast á kröfu stefnanda.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi reisir kröfur sínar í fyrsta lagi á ákvæðum laga nr. 28/1991 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Með lögnum hafi verið stefnt að því að koma á fullu jafnrétti og jafnri stöðu kvenna og karla á öllum sviðum og bann lagt við hvers kyns mismunun eftir kynferði, sbr. 1. gr. laganna. Í 1. mgr. 4. gr. laganna sé mælt fyrir um það, að konum og körlum skuli greidd jöfn laun og þau skuli njóta sömu kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf, en í 4. mgr. 4. gr. komi fram, að með kjörum sé átt við lífeyris-, orlofs- og veikindarétt og hvers konar önnur samningsréttindi. Stefnandi lítur svo á, að hugtakið fæðingarorlof falli undir hugtakið kjör í skilningi 4. gr. laga nr. 28/1991. Þetta megi í fyrsta lagi leiða af hinni víðtæku skilgreiningu á hugtakinu kjör í 4. mgr. 4. gr. laganna. Þau sjónarmið, sem fram komi í lögum nr. 57/1987 um fæðingarorlof og lögum nr. 117/1993 um almannatryggingar, styrki enn fremur þessa niðurstöðu. Í 1. gr. laga nr. 57/1987 sé fæðingarorlof skilgreint sem leyfi frá launuðum störfum vegna meðgöngu og fæðingar, en réttinn til töku fæðingarorlofs eigi þeir foreldrar, sem eigi lögheimili á Íslandi og gegni launuðum störfum, sbr. 2. gr. laganna. Foreldrar geti skv. ákvæðum laganna skipt með sér fæðingarorlofi. Fjallað sé um greiðslu fæðingarorlofs í lögum nr. 117/1993 um almannatryggingar. Þar sé greint á milli greiðslu fæðingarstyrks og fæðingardagpeninga. Fæðingarstyrkur sé greiddur móður barns og sé óháður því, hvort hún leggi niður launað starf eða ekki, sbr. 1. mgr. 15. gr. laganna. Foreldrar, sem leggi niður launuð störf, meðan á fæðingarorlofi standi, geti átt rétt til greiðslu fæðingardagpeninga. Sú fjárhæð sé háð vinnuframlagi þess foreldris, sem dagpeningana þiggi, síðustu tólf mánuði fyrir töku fæðingarorlofs, sbr. d-lið 16. gr. laganna. Réttur til greiðslu fæðingardagpeninga sé bundinn við móður fyrsta mánuðinn eftir fæðingu, en foreldrar geti sammælst um að skipta með sér fæðingarorlofinu að öðru leyti, sbr. f-lið 16. gr. laganna.

Þeir foreldrar, sem eigi kjarasamningsbundinn rétt til óskertra launa í

fæðingarorlofi, eigi ekki rétt á greiðslu fæðingarstyrks eða fæðingardagpeninga, sbr. 2. mgr. 15. gr. og a-lið 16. gr. laga nr. 117/1993.

Réttur ríkisstarfsmanna til greiðslu launa í fæðingarorlofi fari hins vegar eftir 17. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sbr. reglugerð nr. 410/1989 um barnsburðarleyfi starfsmanna ríkisins. Í hvorugri þessara réttarheimilda sé minnst á rétt karla í þjónustu ríkisins til greiðslu launa í fæðingarorlofi. Stefndi hafi hafnað beiðni Sigurðar Torfa Guðmundssonar um greiðslu launa í fæðingarorlofi með vísan til framangreindra réttarheimilda. Með lögfestingu 17. gr. laga nr. 38/1954 hafi konum í þjónustu ríkisins verið tryggður betri réttur í fjarvistum vegna barnsburðar en almennt hafi gilt á þeim tíma á almennum vinnumarkaði. Með sama hætti og karlmenn á hinum almenna vinnumarkaði eigi þess kost að njóta fæðingardagpeninga í fæðingarorlofi að skilyrðum 16. gr. laga nr. 117/1993 fullnægðum, eigi karlmenn í þjónustu ríkisins eins að njóta þess réttar, sem konum sé tryggður með 17. gr. laga nr. 38/1954. Önnur niðurstaða feli í sér mismunun, sem engin málefnaleg rök séu fyrir.

Í 3. tl. 3. gr. laga nr. 28/1991 sé svo mælt, að það teljist ekki mismunun að taka sérstakt tillit til kvenna vegna þungunar eða barnsburðar. Þetta ákvæði sé undantekning frá þeirri meginreglu, að hvers kyns mismunun eftir kynferði sé óheimil, og beri því að skýra ákvæðið þröngt. Í lögum nr. 117/1993 sé tekið sérstakt tillit til kvenna með því, að fyrsti mánuður fæðingarorlofs sé bundinn móður og faðir geti ekki nýtt sér réttinn án hennar samþykkis, sbr. f-lið 16. gr. laganna. Hér sé að finna dæmi um mismunun, sem heimil sé. Með 17. gr. laga nr. 38/1954 og reglugerð nr. 410/1989 sé konum, sem starfa hjá ríkinu, tryggður réttur til dagvinnulauna í fæðingarorlofi. Karlmenn í sömu stöðu hafi hins vegar ekki verið taldir eiga rétt til greiðslu launa í fæðingarorlofi. Með þessari mismunun sé farið langt út fyrir þá heimild, sem felist í undanþáguákvæði 3. tl. 3. gr. laga nr. 28/1991. Karlmönnum í þjónustu ríkisins sé með þessari túlkun gert nær ógerlegt að notfæra sér rétt sinn til töku fæðingarorlofs, sem þeim sé þó tryggður með lögum.

Líta verði til þess við skýringu á 17. gr. laga nr. 38/1954, að lögin voru sett löngu áður en fyrstu lög um jafnrétti kynjanna tóku gildi, og á þeim tíma hafi ekki þótt ástæða til að mæla fyrir um rétt karlmanna til töku fæðingarorlofs. Ljóst sé, að umrædd 17. gr. verði ekki skýrð nema með hliðsjón af þeirri meginreglu, sem mælt sé fyrir um í lögum nr. 28/1991 og áður er lýst, sbr. lög nr. 57/1989 og lög nr. 117/1993.

Í annan stað styður stefnandi kröfur sínar með vísan til laga um Evrópska efnahagssvæðið nr. 2/1993, en með þeim hafi meginmál EES-samn-

ingsins verið lögfest hér á landi. Í 69. gr. samningsins sé kveðið á um það, að hver samningsaðili skuli tryggja og viðhalda beitingu þeirrar meginreglu, að karlar og konur njóti jafnra launa fyrir jafna vinnu. Í greininni sé enn fremur skilgreint, hvað átt sé við með „launum“.

Í XVIII. viðauka samningsins sé að finna „gerðir“, sem hafi að geyma sérstök ákvæði um framkvæmd 1. mgr. 69. gr. Í bókun I við samninginn segi, að ákvæði gerða, sem vísað sé til í viðaukum við samninginn, skuli gilda í samræmi við samninginn og bókunina, nema annað sé sérstaklega tekið fram í þeim viðauka. Af tilvísun 69. og 70. gr. EES-samningsins til XVIII. viðauka og af bókun I verði ráðið, að ákvæðum gerða í XVIII. viðauka verði beitt með sama hætti og meginefni samningsins.

Verði eigi fallist á þennan skilning, beri allt að einu að túlka íslensk lög til samræmis við þær gerðir, sem tilgreindar séu í samningnum, sbr. 3. gr. laga nr. 2/1993.

Ákvæði 69. gr. samningsins sé samhljóða 119. gr. Rómarsamningsins frá 25. mars 1957 um stofnun Evrópska efnahagsbandalagsins (Rs.). Í tilskipun Evrópuráðsins nr. 75/117/EBE frá 10. febrúar 1975 komi fram í 1. mgr. 1. gr., að 119. gr. Rs. feli í sér, að afnumin verði öll mismunun vegna kynferðis, að því er varði sömu störf eða störf, sem séu talin jafnverðmæt, „er varðar alla þætti launa og launakjara“. Í 3. gr. tilskipunarinnar sé jafnframt tekið fram, að afnema skuli alla mismunun milli karla og kvenna, sem rót eigi að rekja til laga eða stjórnsýslufyrirmæla og brjóti í bága við meginregluna um sömu laun. Tilskipun Evrópuráðsins nr. 76/207/EBE frá 9. febrúar 1975 hafi enn fremur að geyma ákvæði um jafnan rétt kvenna og karla til aðgangs að störfum og samsvarandi starfskjörum og starfsskilyrðum. Aðildarríkjum sé skv. tilskipuninni skylt að tryggja, að lög og stjórnsýslufyrirmæli, sem andstæð séu meginreglunni um jafnrétti, verði felld úr gildi og að þessar réttarheimildir verði endurskoðaðar, þegar verndarsjónarmið, sem þau byggðust upphaflega á, séu ekki lengur á rökum reist.

Dómstóll ESB hafi með dómum sínum mótað nánar efni 119. gr. Rs. Þannig hafi til að mynda greiðslur til starfsmanns í kjölfar uppsagnar og eftirlaunagreiðslur verið taldar falla undir hugtakið laun í skilningi 119. gr. Rs., hvort sem þær greiðslur eigi rót sína að rekja til vinnusamnings, lagaákvæða eða hreinnar góðvildar vinnuveitanda. Mismunun á grundvelli kynferðis hafi þannig verið talin brjóta gegn 119. gr. Rs., jafnvel þótt einungis sé um einn þátt launakjara að ræða, sbr. t. d. dóma dómstóls ESB í málum 107/84 (Bilka) og 262/88 (Barber). Við túlkun 69. gr. EES-samningsins verði að styðjast við þau fordæmi, sem dómstóll ESB hafi gefið við túlkun 119. gr. Rs., sbr. 6. gr. EES-samningsins.

Launagreiðslur í fæðingarorlofi falli án nokkurs vafa undir 69. gr. EES-samningsins. Þetta megi ráða af orðalagi ákvæðisins sjálfs, túlkun dómstóls ESB á efni samhljóða ákvæðis í Rs. og efni þeirra tilskipana, sem áður sé getið og til sé vitnað í XVIII. viðauka samningsins. Það liggja fyrir, að afstaða stefnda til kröfu stefnanda megi eingöngu rekja til kynferðis, en ljóst sé, að kvenmaður í sömu stöðu og Sigurður Torfi myndi eiga rétt til launaðs fæðingarorlofs.

Í bókun 35 við EES-samninginn, sbr. 3. gr. laga nr. 2/1993, sé mælt fyrir um forgangsáhrif EES-réttar, sem leiði til þess, að innlend lög, sem sett séu með stoð í EES-samningnum, gangi framur landsrétti. Þessi skilningur sé í samræmi við þær lögskýringarreglur, sem gildi að íslenskum lögum og komi enn fremur skýrt fram í greinargerð með 3. gr. laga nr. 2/1993. Ákvæði 17. gr. laga nr. 38/1954 brjóti því í bága við 69. gr. EES-samningsins, sem veitt hafi verið lagagildi með lögum nr. 2/1993, og verði því ekki beitt með þeim hætti, sem stefndi hafi gert.

Þá vísar stefnandi til ákvæða barnalaga nr. 20/1992, sem kveði á um rétt og skyldu foreldra til umgengni við barn sitt. Í lögum um fæðingarorlof sé enn fremur kveðið á um rétt foreldra til töku fæðingarorlofs. Með þeirri framkvæmd stefnda að greiða einungis konum full laun í fæðingarorlofi sé feðrum gert erfiðara fyrir en ella að nýta sér þann rétt, sem þeim sé tryggður í framangreindum réttarheimildum, og varði sú afstaða við lög nr. 28/1991, eins og áður sé getið. Foreldrar eigi því jafnan rétt til umgengni við barn sitt, og hvers kyns kynbundnar takmarkanir feli í sér skýrt brot gegn barnalögum nr. 20/1992, eins og þau verði skýrð með hliðsjón af lögum nr. 28/1991. Sams konar reglu sé jafnframt að finna í 8. gr., sbr. 14. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sem nú hafi verið lögfest með lögum nr. 62/1994. Ákvæði 17. gr. laga nr. 38/1954, sbr. reglugerð nr. 410/1989, eins og það hafi verið skýrt af stefnda, feli í sér brot gegn grundvallarreglu barnalaga nr. 20/1992 um umgengnisrétt foreldra við barn sitt og áður nefndum ákvæðum laga um mannréttindasáttmála Evrópu nr. 62/1994.

Þá skírskotar stefnandi enn fremur til þess, að ákvæði 17. gr. laga nr. 38/1954 brjóti gegn 65. gr. stjórnarskrár Íslands nr. 33/1944, sbr. 3. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995. Í 1. mgr. 65. gr. stjtskr. segi, að allir skuli vera jafnir fyrir lögum án tillits til kynferðis. Í 2. mgr. sömu greinar sé síðan kveðið á um, að konur og karlar skuli njóta jafns réttar í hvívetna. Með ákvæði 65. gr. stjtskr. sé konum og körlum tryggður jafn réttur á öllum sviðum þjóðlífs. Mismunur súa, sem fólgin sé í 17. gr. laga nr. 38/1954, feli í sér skýrt brot gegn þeirri reglu, sem lögfest hafi verið í 65. gr. stjtskr. Það breyti engu um þessa niðurstöðu, þótt litid verði svo á, að svokölluð jákvæð mismunur sé

heimil þrátt fyrir orðalag ákvæðisins. Með jákvæðri mismunun sé átt við mismunun, sem fólgin sé í að veita tilteknum hópi fólks ríkari rétt en öðrum, á meðan verið sé að útrýma misrétti. Með ákvæði 17. gr. laga nr. 38/1954 hafi ekki verið stefnt að því að girða fyrir misrétti, enda um ekkert slíkt misrétti verið að ræða. Ákvæðið hafi þótt edlilegt á sínum tíma og í samræmi við þær þjóðfélagsaðstæður, sem þá hafi ríkt. Með hliðsjón af breyttum viðhorfum hafi ákvæðið um jafna stöðu kvenna og karla verið sett í stjórnarskrá lýðveldisins. Ákvæði 17. gr. laga nr. 38/1954 hafi ekkert gildi, þar sem það fari í bága við ákvæði stjórnarskrár.

Loks vísar stefnandi til ákvæðis 26. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnsmálaleg réttindi frá 16. desember 1966 máli sínu til stuðnings. Samningurinn hafi verið undirritaður af Íslands hálfu 30. desember 1966 og fullgiltur 29. ágúst 1979. Við það sé miðað af stefnanda hálfu, að ákvæði 17. gr. laga nr. 38/1954 beri að túlka með hliðsjón af áður nefndri 26. gr. samningsins, sem kveði á um, að lög aðildarlanda skuli tryggja jafna og raunhæfa vernd gegn mismunun vegna kynferðis.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi styður sýknukröfu sína því, að hvorki hafi verið lagaheimild til þess að greiða Sigurði Torfa laun, þá er hann tók sér leyfi frá störfum, né lagastoð fyrir setningu reglugerðar, sem veitti stefnda slíkan rétt. Stefndi telur því einsýnt, að ákvörðunin í tilviki Sigurðar Torfa hafi verið lögmæt og réttmæt.

Óumdeilt sé, að 17. gr. laga nr. 38/1954 fjalli eingöngu um rétt kvenna til launa í fjarvistum vegna barnsburðar, en ekki karla. Á grundvelli þessa lagaákvæðis og reglugerðar nr. 410/1989 um barnsburðarleyfi starfsmanna ríkisins hafi stefndi reist synjun sína, sbr. bréf, dags. 10. júlí 1995.

Stefnandi haldi því aðallega fram, að stefndi hafi með synjun sinni brotið gegn 1. mgr. 4. gr. laga nr. 28/1991 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, enda falli hugtakið fæðingarorlof undir hugtakið kjör í þeim lögum. Í 1. gr. laga nr. 57/1987 um fæðingarorlof sé hugtakið fæðingarorlof skilgreint svo, að um sé að ræða leyfi frá launuðum störfum vegna meðgöngu og fæðingar. Karlmennt gangi aftur á móti hvorki með börn né fæði þau. Þegar af þeirri einföldu ástæðu geti synjun stefnda við málaleitan stefnanda ekki verið brot á 1. mgr. 4. gr. laga nr. 28/1991. Sigurði Torfa hafi því ekki verið mismunað eftir kynferði sínu. Lögin um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla hafi að geyma veigamikla takmörkun á því, hvenær kynin verði talin hafa jafna stöðu, en það sé einmitt vegna þungunar og barnsburðar. Í niðurlagi 3. gr. sé tekið fram, að það teljist ekki mismunun að taka sérstakt

tillit til kvenna vegna þungunar og barnsburðar. Ákvæðið í 17. gr. laga nr. 38/1954 og reglugerð nr. 410/1989 sé því ekki andstætt ákvæðum laga nr. 28/1991 með vísan til áður nefnds niðurlagsákvæðis 3. gr. þeirra laga. Samkvæmt ákvæðinu verði körlum aldrei mismunað í skilningi laganna, þegar um sé að ræða sérstök réttindi kvenna, sem stafi af þungun og barnsburði. Þar verði ekki aðeins staldrað við þau sérstöku réttindi kvenna vegna fyrsta mánaðar fæðingarorlofs, sbr. f-lið 16. gr. laga nr. 117/1993, eins og stefnandi haldi fram. Í lagalegum skilningi sé kvenmaður aldrei í sömu stöðu og karlmaður, þegar komi að meðgöngu og fæðingu. Ákvæði laga, sem treysta betri rétt kvenna en karla í þessu tilliti, séu jafnmálefnaleg og náttúran sjálf og lýsi aðstöðumun karla og kvenna að þessu leyti. Málefnalegar ástæður séu fyrir því að skerða síður laun konu í fæðingarorlofi en karls og veita henni þannig sérstaka vernd, enda gangi karlmenn ekki með börn né fæði þau eða hafi þau á brjósti. Þessar staðreyndir hafi verið hinar sömu, þegar lög nr. 38/1954 voru sett. Þau lög hafi einmitt verið reist á meginreglunni um jafnrétti kynjanna, eins og 3. mgr. 3. gr. þeirra er til vitnis um.

Þá mótmælir stefndi því, að miðað verði við 69. gr. og 70. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningsins), sbr. lög nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið, með þeim hætti, sem stefnandi heldur fram, né heldur, að 119. gr. Rómarsáttmálans og tilskipun Evrópuráðsins nr. 75/117/EBE eigi hér við. Stefndi heldur því fram, að laun í barnsburðarleyfi falli ekki undir launahugtak þeirrar tilskipunar eða 69. gr. EES-samningsins, enda verði íslenskum lögum ekki vikið til hliðar fyrir EES-rétti, þegar um sé að ræða einstaklingsbundin réttindi, enda þótt skýra eigi lög til samræmis við ákvæði EES-samningsins. Bókun 35 við EES-samninginn sé þjóðréttarleg skuldbinding öðru fremur.

Hvað sem þessu líður, heldur stefndi því fram, að lög nr. 28/1991 gangi í engu skemmra en þær réttarheimildir EES-réttar, sem tryggja eigi þá meginreglu, að karlar og konur njóti sömu launa og sömu kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. Stefndi telur, að túlka beri jafnréttisreglur 69. gr. og 70. gr. EES-samningsins svo, að undanskilja beri allan betri rétt og vernd kvenna vegna meðgöngu og barnsburðar. Þess sjáist dæmi í ýmsum tilskipunum Evrópuráðsins, sem gildi hafi á grundvelli EES-samningsins, sbr. eftirtalin atriði:

* Tilskipun um framkvæmd meginreglunnar um jafnrétti kvenna og karla varðandi aðgang að störfum, starfsþjálfun og stöðuhækkun sem og varðandi starfskjör (76/207/EBE), einkum 3. mgr. 2. gr.

* Tilskipun frá 19. desember 1978 um, að meginreglan um jafnan rétt

kvenna og karla til almannatrygginga komi til framkvæmda stig af stigi (79/7/EBE), einkum 4. gr.

* Tilskipun frá 24. júlí 1986 um framkvæmd meginreglunnar um jafnrétti karla og kvenna innan almannatryggingakerfa einstakra starfsgreina (86/378/EBE), einkum 5. gr.

* Tilskipun frá 11. desember 1986 um beitingu meginreglunnar um jafnrétti karla og kvenna, sem stunda sjálfstæðan atvinnurekstur, þar með talinn landbúnað, og um vernd sjálfstætt starfandi kvenna við meðgöngu og barnsburð (86/613/EBE).

* Tilskipun um lögleiðingu ráðstafana til að auka öryggi og heilbrigði á vinnustöðum fyrir starfsmenn, sem eru þungaðir, hafa nýlega alið börn eða hafa börn á brjósti (92/85/EBE).

Stefndi mótmælir þeirri málsástæðu stefnanda, að 17. gr. laga nr. 38/1954 feli í sér brot á barnalögum nr. 20/1992 svo og brot á 8. og 14. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sem veitt hefur verið lagagildi, sbr. lög nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu. Stefndi telur það ekki brot á jafnréttisákvæði 14. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, þótt kona fái launað barnsburðarleyfi, en karlmaður ekki, né heldur telur stefndi, að 17. gr. laga nr. 38/1954 feli í sér brot gegn 65. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins. Sigurði Torfa hafi ekki verið mismunað vegna kynferðis síns, og því síður verði talið, að lög nr. 38/1954 hafi ráðgert slíka mismunun. Sú málsástæða stefnanda, að 17. gr. þeirra laga hafi verið andstæð stjórnarskrá, feli jafnframt í sér, að ákvæði 2. málslíðar 1. gr. og 2. og 3. málslíðar 3. gr. laga nr. 28/1991 séu andstæð sama réttindaákvæði stjórnarskrárinnar. Svo lengi sem talið verði, að 3. málslíður 3. gr. laga nr. 28/1991 standist ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar, hljóti ákvæði 17. gr. laga nr. 38/1954 að gera það einnig. Málaltilbúnaður stefnanda sé því óraunhæfur að þessu leyti. Jafnréttisákvæði stjórnarskrár verði að skýra með hliðsjón af ólíku hlutverki kynjanna í sambandi við barnsburð. Einmitt vegna þessa sé ekki mismunun til að dreifa í tilviki Sigurðar Torfa Guðmundssonar.

Enda þótt karlmenn á hinum almenna vinnumarkaði kunni að njóta betri kjarara en Sigurður Torfi hafi notið í sambandi við fæðingarorlof samkvæmt kjarasamningum, leiði það ekki til þeirrar niðurstöðu, að löggjafinn teljist hafa almennt mismunað körlum með lögfestingu 17. gr. laga nr. 38/1954. Réttarstaða Sigurðar Torfa og stjórnskipulegt gildi umræddrar 17. gr. verði ekki borin saman við rétt karlmanna, sem njóti sérstakra kjarara samkvæmt kjarasamningum.

Þá mótmælir stefndi þeirri málsástæðu stefnanda, að stefndi hafi með afstöðu sinni gagnvart Sigurði Torfa brotið gegn 26. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi frá 16. desember 1966.

Stefndi vísar enn fremur til þess, að eiginkona Sigurðar Torfa hafi nýtt sér til fulls rétt sinn til launa, meðan á barnsburðarleyfi hennar stóð. Því sé sjálfstæð ástæða til sýknu með vísan til þessa, enda verði að túlka umrædda 17. gr. á þann veg, að réttur eiginmanns sé leiddur af rétti eiginkonu og hann eigi því aðeins rétt til launa í fæðingarorlofi, að eiginkona hans hafi ekki nýtt sér rétt sinn að þessu leyti.

Stefndi vekur að endingu athygli á úrskurði tryggingaráðs frá 22. nóvember 1991 í máli nr. 35/1991. Þar var kveðið á um það, að karlmaður á almennum vinnumarkaði ætti ekki rétt á fæðingardagpeningum né fæðingarstyrk, ef kona hans starfaði í þjónustu ríkisins og nyti óskertra launa í fæðingarorlofi. Réttur föður til fæðingardagpeninga sé því afleiddur af rétti móður. Stefnandi hefur ekki séð ástæðu til þess að draga í efa þessa niðurstöðu tryggingaráðs, heldur rökstutt niðurstöður sínar með vísan til framangreinds úrskurðar tryggingaráðs.

Að endingu bendir stefndi á þá staðreynd, að stefnandi höfði mál þetta fyrir hönd Sigurðar Torfa Guðmundssonar á grundvelli 21. gr. laga nr. 28/1991, sbr. 20. gr. sömu laga. Málsóknarheimild hans sé samkvæmt þessum ákvæðum aðeins bundin við það sakarefni, hvort ákvæði 2.–13. gr. laganna hafi verið brotin. Stefndi telur, að um önnur lagaatriði eigi stefnandi ekki málsóknarrétt og því séu eigi skilyrði til að dæma um þau í málinu.

Til stuðnings málskostnaðarkröfu sinni vísar stefndi til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Forsendur og niðurstaða.

Ágreiningur málsaðila snýr að því álitaefni, hvort synjun stefnda við því að veita Sigurði Torfa Guðmundssyni heimild til launaðs fæðingarorlofs á tímabilinu frá 1. september 1995 til 1. október s. á. hafi falið í sér mismunun, sem varði við lög nr. 28/1991 um jafnrétti kynjanna.

Við úrlausn þessa ágreinings verður að líta til þeirra lagaákvæða og annarra réttarheimilda, sem fjalla um rétt til launa í fæðingarorlofi, og leggja mat á það, hvort þessar heimildir séu andstæðar þeirri grunnreglu á sviði mannréttinda, að réttindi karla og kvenna skuli vera hin sömu, og enn fremur, hvort frávik séu heimil vegna ólíkra hlutverka kynjanna í líffræðilegu tilliti, að því er varðar viðhald og viðgang mannkyns.

Í 17. gr. laga nr. 38/1954 (hér eftir nefnd starfsmannalög) er m. a. mælt svo fyrir, að ákveðið skuli með reglugerð, hvornig háttáð skuli launagreiðslum í fjarvistum vegna barnsburðar kvenna. Frá þeim tíma hafa nokkrar reglugerðir verið settar á grundvelli laganna, þar sem réttindi kvenna til launaðs fæðingarorlofs hafa verið ákvörðuð. Sú reglugerð, sem hér á við, er

nr. 410/1989. Þar er kveðið á um rétt kvenna í þjónustu ríkisins til launa í fæðingarorlofi, en í engu getið tilsvarandi réttinda karla fremur en í fyrri reglugerðum um sama efni.

Í 1. gr. laga um fæðingarorlof nr. 57/1987 segir, að fæðingarorlof merki í lögnum leyfi frá launuðum störfum vegna meðgöngu og fæðingar. Í 2. gr. laganna kemur fram, að foreldrar, sem gegni launuðum störfum og eigi lögheimili á Íslandi, eigi rétt á sex mánaða fæðingarorlofi, eftir 1. janúar 1990. Kjósi foreldrar að skipta með sér fæðingarorlofi, verður sameiginlegt orlof þeirra aldrei lengra en sex mánuðir (2. mgr. 2. gr.). Í 9. gr. laganna segir, að um greiðslur í fæðingarorlofi fari samkvæmt ákvæðum laga um almannatryggingar með síðari breytingum, nú lög nr. 117/1993. Í 15. og 16. gr. laga nr. 117/1993 er vikið að greiðslum til foreldra í fæðingarorlofi. Samkvæmt 15. gr. l. nr. 117/1993 er réttur til fæðingarstyrks bundinn við móður, en rétti til fæðingardagpeninga er heimilt að skipta milli foreldra að undanskildum fyrsta mánuði, sem gildi um móðurina eina. Greiðsla fæðingardagpeninga virðist miðast við það, að aðeins annað foreldra eigi rétt til hennar, sbr. f-lið 16. gr. Þar segir, að faðir eigi rétt á greiðslu fæðingardagpeninga í stað móður, enda leggi hann niður launaða vinnu á meðan.

Samkvæmt framangreindum lagaákvæðum er lagaleg staða feðra þessi: Feður eiga rétt til þess að taka fæðingarorlof í allt að fimm mánuði, enda skerðist réttur móður að sama skapi. Feður eiga rétt til greiðslu fæðingardagpeninga í jafnlangan tíma (fimm mánuði) með samsvarandi skerðingu á réttindum móður í þessu tilliti. Feður eiga ekki rétt á greiðslu fæðingarstyrks.

Verður nú fjallað um lög nr. 28/1991 (jafnstöðulög, skammst. jsl.) og kannað, hvort framangreind lagaákvæði fari í bága við tilgang og markmið laganna. Í 3. gr. þeirra segir svo: „Hvers kyns mismunur eftir kynferði er óheimil. Þó teljast sérstakar tímabundnar aðgerðir, sem ætlaðar eru til að bæta stöðu kvenna til að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kynjanna, ekki ganga gegn lögum þessum. Það telst ekki mismunur að taka sérstakt tillit til kvenna vegna þungunar eða barnsburðar.“ Í upphafi greinarinnar er aðalregla laganna dregin fram, en síðan getið undantekninga frá henni í næstu málsliðum hennar. Þannig er heimilt að víkja frá meginstefnu laganna um jafnræði kynjanna með tvennum hætti, í fyrsta lagi með tímabundnum aðgerðum í því skyni að bæta stöðu kvenna og í annan stað með ótímabundnum aðgerðum vegna þeirrar líffræðilegu staðreyndar, að konur ganga með börn, fæða þau og ala þau á móðurmjólk í frumbersku þeirra.

Athyglisvert er í þessu sambandi, að jafnstöðulögin eru yngri gildandi rgl. nr. 410/1989 um framkvæmd launagreiðslna í fæðingarorlofi. Ljóst þykir því,

að löggjafarvaldið hefði gripið inn í þá framkvæmd, ef í henni fólst mismunun, sem andstæð var tilgangi jafnstöðulaga og vilja löggjafans til jafnréttis kynjanna. Sú framkvæmd var hins vegar löghelguð með niðurlagsákvæði 3. gr. jafnstöðulaga. Ákvæði þetta er samhljóða 3. gr. fyrri jafnstöðulaga nr. 65/1985. Í greinargerð, sem fylgdi frumvarpi til laga nr. 65/1985, segir svo um niðurlagsákvæði 3. gr.: „Almennt er talið, að ekki sé það mismunun að taka sérstakt tillit til kvenna varðandi meðgöngu eða fæðingu. Þó þykir rétt að setja sérstakt ákvæði um það til að forðast allan misskilning í þessum efnum.“ Í greinargerð að lögum nr. 28/1991 segir um 3. gr. frumvarpsins: „Greinin er óbreytt frá gildandi lögum.“

Samkvæmt þessu má fullvíst telja, að löggjafarvaldinu hafi ekki þótt ástæða til að breyta því fyrirkomulagi, sem viðgengist hafði um fæðingarorlof feðra, þegar jafnstöðulögin voru sett árið 1991, og ekki talið það brjóta í bága við ríkjandi viðhorf um jafnstöðu kynjanna.

Stefnandi heldur því enn fremur fram, að synjun stefnda við umleitun Sigurðar Torfa Guðmundssonar hafi farið í bága við lög nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið, en með þeim lögum hafi meginmál EES-samningsins verið lögfest. Við könnun á þeim heimildum, sem stefnandi vísar til í þessu sambandi (69. og 70. gr. I. nr. 2/1993) og getið er hér að framan, verður ekki séð, að þar sé fjallað um það álitafæni, sem hér er til meðferðar, og þá því síður, að þrengt sé að íslenskum stjórnvöldum umfram það, sem felst í þeim lagaákvæðum, sem reifuð hafa verið.

Þá er og hafnað þeirri málsástæðu stefnanda, að afstaða stefnda gagnvart Sigurði Torfa feli í sér brot á barnalögum nr. 20/1992.

Stefnandi vísar enn fremur til þess, að 17. gr. laga nr. 38/1954 brjóti gegn 65. gr. stjórnarskrár Íslands nr. 33/1944, sbr. 3. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995. Tilvitnað ákvæði stjórnarskrárinnar hljóðar svo: „Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.“

Í greinargerð, sem fylgdi frumvarpi að lögum nr. 97/1995, segir m. a. svo um 3. gr. frumvarpsins (laganna): „Hins vegar verður að hafa í huga, að reglan (jafnræðisreglan, innskot dómara) er öðrum þræði stefnuýfirlýsing, sem varasamt er að taka of bókstaflega án tillits til aðstæðna, sem geta réttlætt eðlileg frávik frá þessu jafnræði fyrir lögunum.“ Síðar í umfjöllun um 3. gr. segir: „Markmið jafnræðisreglunnar er framar öllu að koma í veg fyrir manngreinarálit á grundvelli atriðanna, sem eru talin í henni. Það er hins vegar ekki markmið hennar að útiloka, að lögákveðin skilyrði fyrir réttindum eða skyldum geti tekið mið af þessum atriðum, ef þau byggjast á mál-fnalegum forsendum.“

Í máli þessu er tekist á um það, eins og áður er getið, hvort mismunun sú, sem felst í því, að konum í ríkisþjónustu séu greidd laun í fæðingarorlofi, en ekki körlum, sem þar starfa, feli í sér brot á þeim grundvallarmannréttindum, sem 65. gr. stjórnarskrárinnar er ætlað að vernda og jafnstöðulögum er ætlað að stuðla að.

Það er álit dómsins, að mismunun sú, sem felst í 17. gr. laga nr. 38/1954, sé þess eðlis, að samræmist bæði tilvitnuðu ákvæði stjórnarskrár og markmiðum löggjafans um jafna stöðu kynjanna.

Niðurstaða málsins er því sú, að synjun stefnda við beiðni Sigurðar Torfa Guðmundssonar um launað fæðingarorlof á tilgreindu tímabili hafi verið réttmæt, og ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda á hendur honum.

Eins og mál þetta er vaxið, þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Skúli J. Pálmason héraðsdómari kvað upp þennan dóm.

D ó m s o r ð:

Stefndi, íslenska ríkið, er sýknaður af kröfum stefnanda, kærufelndar jafnréttismála.

Málskostnaður fellur niður.
